



VESTMANNAEYJABÆR
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

- UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI
 FYRIRSPURN TIL BYGGINGARNEFNDAR

Útfyllist af Byggingarfulltrúa

Mótt.	Nr. Umsóknar	Afgr.
Afgreiðsla Skipulags- og byggingarnefndar		
<input type="checkbox"/>		
Afgreiðsla skipulags- og byggingarfulltrúa		
<input type="checkbox"/>		

1. Umsækjandi

Reitir 1-6 útfyllast af umsækjanda

Nafn umsækjanda/eiganda	Kennitala	Heimilisfang

2. Lóð

Heiti	Nr.	Staðgreinir	Matshluti

3. Tegund byggingar/framkvæmdar

- Einbýlishús Parhús Raðhús Skilti
 Fjölbýlishús Atvinnuhúsnæði Annað Gámur

4. Framkvæmd sem sótt er um

Lýsing umsóknar	Framkvæmd / Aðalbyggingarefni
	<input type="checkbox"/> Ný framkvæmd Nybygging <input type="checkbox"/> Steinsteypa
	<input type="checkbox"/> Viðbygging <input type="checkbox"/> Timbur
	<input type="checkbox"/> Breyting inni <input type="checkbox"/> Stál
	<input type="checkbox"/> Breyting úti <input type="checkbox"/> Gler

5. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn

- ___ Uppdráttarblöð í þríriti og tölvutækt eintak Frávik frá skilmálum/Breyting á landnotkun Umsógn húsafríðunarnefndar ríkisins/Árbæjarsafnsins
 Mæliblað Breytingar á eignaskiptum Samþykkt Heilbrigðisnefndar
 Hæðarblað Starfsleyfissskyld atvinnustarfss. Samþykkt Umhverfisnefndar
 Samþykki meðeig./-lóðarhafa Brunavarnaruppdrættir Samþykkt Vinnueftirlits ríkisins
 Samþykki Nágranna Staðf. frá HS hf. um lagningu heimtauga ef um nýbyggingu er að ræða Skráningartafla

6. Undirritun

Við byggingarframkvæmdir sem sótt er um verður farið eftir ákvæðum gildandi byggingarlaga, byggingarreglugerðar og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í fullu umboði lóðarhafa, Vestmannaeyjum, þann 200

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Sími

UMSÓKNIR UM BYGGINGARLEYFI

Umsóknum um byggingarleyfi er veitt móttaka á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa. Nýbyggingar og viðbyggingar fá afgreiðslu á fundi skipulags- og byggingarnefndar en önnur erindi hljóta afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa, sbr. samþykkt nr. 14 frá 4. janúar 1996 um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Vestmannaeyjum á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar. Uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi skulu unnir af hönnuði sem til þess hefur fengið löggildingu umhverfisráðherra. Fyrirspurnum varðandi byggingarmál er veitt móttaka án endurgjalds og ekki er krafist sérstakra réttinda af fyrirspyrjanda.

1. Umsóknareyðublaðið

Fylla skal út umsóknareyðublað fyrir umsóknir um byggingarleyfi og fyrirspurnir um byggingarmál. Umsækjandi eða umboðsmaður hans skulu útfylla reiti eitt til sex eftir eðli umsóknar.

1. Í reit eitt skal rita nafn umsækjanda. Ef umsækjandi er ekki eigandi fasteignar skal umboð eiganda eða eigenda fylgja.
2. Í reit tvö skal skrá heiti lóðar (t.d. Tangagata 1), staðgreini eða landnúmer lóðar, matshluta- og fastanúmer ef um breytingu á eldra mannvirki er að ræða (sjá www.fmr.is, Landsskrá fasteigna).
3. Í reit þrjú skal krossa við tegund byggingar.
4. Í reit fjögur skal krossa við eðli framkvæmdar og aðalbyggingarefni. Ný framkvæmd merkir hér nýtt sjálfstætt mannvirki og aðalbyggingarefni er oftast efni burðarvirkja.
5. Í reit fimm skal skrá fjölda uppdráttarblaða, krossa síðan við þau fylgiskjöl og gögn sem fylgja umsókninni. Upptalningu í reit fimm má nota sem gátlista yfir þau gögn sem skila þarf með umsókn eftir eðli hennar.
6. Sá sem fyllir út eyðublaðið skal rita nafn sitt í reit sex og ábyrgjast þar með að upplýsingar á blaðinu séu réttar. Þegar umsókn hefur verið tekin fyrir á fundi eru umsækjanda og hönnuði sendar upplýsingar um afgreiðslu erindisins í pósti.

2. Skráningartöflur

Umsóknum um nýbyggingar, viðbyggingar og um breytingar á eldri byggingum sem hafa breytta skráningu í för með sér, skal fylgja skráningartafla í samræmi við skráningarreglur (sjá www.fmr.is, fræðsluefni). Skráningartöflur skulu vera af stærðunni A2 og þær skal jafnframt afhenda á disklingi eða senda í tölvupósti (bygg@vestmannaeyjar.is).

3. Móttaka umsókna og fylgigagna

Uppdráttum og öðrum gögnum sem varða umsóknir um byggingarleyfi skal skila á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í síðasta lagi tveimur virkum dögum fyrir fund. Þetta gildir jafnt um ný erindi og erindi sem hefur verið frestað.

4. Aðaluppdrættir

Uppdrættir sem skilað er vegna byggingarmála til samþykktar vegna byggingarleyfis skulu vera brotnir í stærð A2 en að stærð margfeldi þar af samkvæmt ÍST 1, með 185 mm nafnreit neðst í hægra horni og reit í hægra upphorni fyrir áritun byggingarfulltrúi. Uppdráttum skal skilað í 3 útprentuðum eintökum árituðum eigin hendi af aðalhönnuði þar sem fram kemur læsileg kennitala hans, ásamt tölvutæku eintaki.

Aðaluppdrættir skulu innihalda

grunnmynd hveðrar hæðar 1:100, útlitsmyndir mannvirkis 1:100 / 1:200, sneiðmynd 1:100 og afstöðumynd 1:500

Í nafnreit skal koma fram

Götuheiti, heiti verkefnis, hönnuður, dagsetning, undirskrift hönnuðar og kennitala og reitur fyrir breytingar.

Umsókn skal fylgja:

Skráningartafla (Útprentuð sem hluti af aðaluppdráttum og og send í tölvupósti), umsögn Brunamálastofnunnar (ef um atvinnuhúsnæði er að ræða), umsögn Vinnueftirlits (ef um atvinnuhúsnæði er að ræða) og umsögn Heilbrigðiseftirlits (ef um atvinnuhúsnæði er að ræða).